

**Sp.**

**193. Nefndarálit**

[1. mál]

um frv. til fjárlaga fyrir árið 1984.

Frá minni hl. fjárveitinganefndar.

Afleiðingarnar af hruni kaupmáttar launa í kjölfar leiftursóknar ríkisstjórnarinnar gegn lífsskjörunum koma m. a. fram í því að tekjur ríkissjóðs af neyslusköttum hafa skerst svo að í stað rekstrarafgangs á undanförunum árum blasir við verulegur hallarekstur á ríkissjóði á þessu ári.

Ljóst er að ríkisstjórnarflokkarnir ætla ekki að standa við það markmið í stefnuýfirlýsingu ríkisstjórnarinnar að miða gerð fjárlaga fyrir árið 1984 við að ná jafnvægi í ný í ríkisfjármálum.

Fjárlagafrumvarpið var lagt fram með raunverulegum halla og ekki er annað sýnt en að sá halli verði staðfestur við afgreiðslu þess. En fyrir aðra umræðu hafa engar upplýsingar verið veittar um endurmat á tekjuhlið frv. og þrátt fyrir ítrekaðar óskir minni hl. hefur því ekki fengist framgengt að fulltrúar Þjóðhagsstofnunar kæmu á fund nefndarinnar svo sem venja er. Við afgreiðslu fjárlagafrv. til annarrar umræðu er engin grein gerð fyrir ýmsum útgjaldaliðum eða þeir vantaldir. T. d. mun skorta um 30 millj. kr. á að framlag til Atvinnuleysistryggingasjóðs dugi til að uppfylla skyldur ríkissjóðs. Og engin grein er gerð fyrir því á hvern veg á að sjá fyrir þeim 240 millj. kr. sem gert er ráð fyrir sem viðbótarframlagi ríkissjóðs til húsnæðismála á næsta ári í stjórnarfrv. um húsnæðismál.

Engin útgjöld eru áætluð vegna vaxta af yfirdráttarskuld ríkissjóðs við Seðlabankann um næstu áramót en gera má ráð fyrir að skuldin nemi þá um 1200 millj. kr. Til samanburðar má geta þess að í frv. er áætlað að greiddar verði 45 millj. kr. í vexti af þeim yfirdrætti ríkissjóðs í Seðlabankanum sem gert er ráð fyrir að myndist á næsta ári.

Þegar allt þetta er metið er ljóst að hafin er á ný sú skuldasöfnunarstefna og þær seðlaprentunarlausnir sem einkenndu ríkisfjármálin þegar þau voru undir stjórn Sjálfstæðisflokksins á árunum 1974—1978.

Fjárlagaafgreiðslan nú markar tímamót að því leyti að hafinn er markviss niðurskurður félagslegra réttinda og ráðist gegn þeirri félagshyggju sem á undanförunum áratugum hefur í æ ríkara mæli tryggt afkomuöryggi þeirra sem fyrir áföllum verða.

Til viðbótar stórfelldri skerðingu kaupmáttar lífeyrisbóta er við afgreiðslu fjárlaga lagt til atlögu gegn þeim réttindum sem sjúklingar hafa notið til ókeypissjúkrahúsvistar, og stigin eru spor áratugi aftur í tímann þar sem ákveðið er að velta 355 millj. kr. útgjöldum af ríkissjóði yfir á þá sem þurfa á sjúkrahjónustu að halda. Þessi upphæð jafngildir um 7 600 kr. á hverja 5 manna fjölskyldu í landinu.

Hugur stjórnarflokkanna til jafnréttismála og hagsmuna barnafjölskyldna kemur skýrt fram í því að í fyrsta sinn eru engar framkvæmdafjárveitingar ætlaðar til þeirra dagvistarheimila sem áður hafa fengið fé á fjárlögum til undirbúnings og hönnunar.

Minni hl. fjvn. lítur svo á að ekki séu aðstæður til að flytja brtt. til hækkunar útgjalda svo að nokkru nemi umfram það sem fjvn. flytur sameiginlega. En vegna þess hversu brýn þörf er á auknu dagvistarrými víðast hvar á landinu telur minni hl. fjvn. að engan veginn verði við það unað að ríkisvaldið stöðvi allar fyrirætlanir sveitarfélaga um úrbætur í þessum málaflokki, auk þess sem tillögur um fjárveitingar til heimila í byggingu séu of lágar. Minni hl. fjvn. flytur þess vegna þá brtt. eina við aðra umræðu að framlög til byggingar dagvistarheimila hækki um 20 millj. kr.

Niðurskurðarstefna ríkisstjórnarflokkanna á framkvæmdaliðum er eitt aðaleinkenni fjárlagaafgreiðslunnar og bitnar sú stefna á ýmsum þeim sem síst skyldi. Í lögum um Framkvæmdasjóð fatlaðra er gert ráð fyrir að sjóðurinn fái um 91 millj. kr. í fjárlögum næsta árs miðað við áætlaða verðlagsþróun. Í fjárlagafrv. er þetta framlag einungis 40 millj. kr. Jafnframt kveða lög svo á um að erfðaskattur renni í Erfðafjár sjóð til ráðstöfunar fyrir Framkvæmdasjóð fatlaðra. Af 40 millj. kr. áætluðum erfðaskatti ætla stjórnarflokkarnir að hirða ríflega 20 millj. kr. í ríkissjóð og auka með því hlut ríkissjóðs um 280% á næsta ári á sama tíma og hlutur Erfðafjár sjóðs af skattinum á að aukast um 20%.

Á sama tíma og raungildi framlaga til brýnustu félagslegra framkvæmda eru markvisst skorin niður verður ekki annað séð en að rekstrarútgjöld ýmissa stofnana séu aukin að raungildi, enda þótt því sé haldið fram í grg. fjárlagafrv. að þau séu undantekningarlaust skorin niður um 5%. Eiga þá að vera lögð til grundvallar raunveruleg rekstrarútgjöld ársins 1982. Sú viðmiðun er engan veginn einhlít til ákvörðunar rekstrarútgjalda 1984 og með því gerð að engu sú viðleitni sem kann að hafa verið höfð uppi til sparnaðar á árinu 1983. Enda hefur komið í ljós að í ýmsum tilvikum leggja stjórnarflokkarnir til í fjárlagafrv. að rekstrarútgjöld stofnana verði aukin á næsta ári en ekki skorin niður um 5% eins og látið er í veðri vaka. Í störfum fjvn. hefur ekki gefist tími sem skyldi til að endurskoða tölur í fjárlagafrv. um rekstrarútgjöld. Enda þótt nokkrar brtt. séu fluttar til lækkunar eftir ábendingum minni hl. verður ekki annað séð en í ýmsum tilvikum verði óbreyttar tillögur í fjárlagafrv. grundvöllur til aukinna rekstrarútgjalda á næsta ári.

Eins og fram hefur komið í umræðum um tekjuskattsfrumvarp ríkisstjórnarinnar mun skattbyrði gjaldenda af beinum sköttum aukast á næsta ári miðað við áætlanir um tekjur gjaldenda á greiðsluári. Skýtur þessi ákvörðun ríkisstjórnarflokkanna nokkuð skökku við kosningaloforð Sjálfstæðisflokksins um lækkun eða afnám tekjuskatts. Er stefna ríkisstjórnarflokkanna við afgreiðslu fjárlaga því enn einn þátturinn í áframhaldandi kjaraskerðingu á næsta ári.

Samtímis því að verðbætur á laun eru bannaðar er gert ráð fyrir því að vegasjóður og ríkissjóður auki tekjur sínar af bensíni með þeim hætti að bensingjald hækki til jafns við hækkun byggingarvísitölu. Er gert ráð fyrir að bensínverð verði að meðaltali 44.4% hærra á árinu 1984 en 1983, á sama tíma og hækkun launa er áætluð 14.5 — 15% skv. forsendum fjárlagafrv.

Þrátt fyrir allar fyrri yfirlýsingar Sjálfstæðisflokksins um að öll skattheimta af bensíni eigi að renna í vegasjóð er fjárlagaafgreiðslan við það miðuð að í ríkissjóð renni beint 295 millj. kr. hærri tekjur af tollum, tollafgreiðslugjaldi og söluskatti af bensíni en í ár. Þ. e. þessar tekjur ríkissjóðs hækki um 41.4%, jafnframt því sem ætlunin er að hverfa frá því markmiði í langtímaáætlun um vegagerð að útgjöld til vegamála nemi á árinu 1984 2.3% af þjóðarframleiðslu, en miðað þess í stað við 2.2%.

Þannig eru helstu einkenni fjárlagaafgreiðslu ríkisstjórnarflokkanna:

1. Hallarekstur ríkissjóðs.
2. Auknar lántökur og skuldasöfnun.
3. Upphaf aðfarar að tryggingakerfinu með sérstakri skattlagningu á þá landsmenn sem þurfa á sjúkraþjónustu að halda.
4. Aukin skattbyrði m. a. vegna vísitölubundinna hækkana gjaldstofna til ríkisins á sama tíma og verðbætur á laun eru bannaðar með lögum.
5. Niðurskurður félagslegra framkvæmda.
6. Hækkun rekstrarúgjalda ýmissa stofnana.

Að slíkri afgreiðslu fjárlagafrumvarpsins getur minni hl. fjvn. ekki staðið.

Alþingi, 12. des. 1983.

Geir Gunnarsson,  
fundaskr., frsm.

Karvel Pálmason.

Kristín S. Kvaran.

Kristín Halldórsdóttir.